



Skátatroðsla á stól.

Skemmtileg útgáfa af leiknum músikalskir stólar.

Yfirlit:

Leikurinn er álíkur leiknum Músikalskir stólar nema að enginn er úr.

Hvað þarftu:

6+ þátttakendur, stóla (einum færri en þátttakendur), tónlist og opið svæði.

Hvað á að gera:

Það er ein regla í leiknum. Þegar tónlistin stöðvast mega engir fætur vera á jörðinni. Stólum er raðað í röð, bak í bak. Stólarnir eru einum færri en þátttakendur. Spiluð er tónlist og á meðan hún heyrst eiga allir að ganga og dansa hringinn í kringum stólana. Þegar tónlistin hættir eiga allir að setjast niður, nema að enginn er úr. Þá þurfa þátttakendur að þjappa á stólunum, stólunum mun fækka en ekki þátttakendum.

Bráðlega verður lítið um pláss á stólunum og þá er komið að þátttakendunum að skapa lausn á vandamálinu og hlýða einu reglunni í leiknum. Gott er að minna reglulega á einu regluna í leiknum. Að lokum verður einn stóll eftir sem allir verða að komast á.